

Alþingi
Nefndasvið
b.t. allsherjar-og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. mars 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja).

Félagssráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja).

Félagssráðgjafafélag Íslands er sammála markmiði lagabreytingarinnar um almennt bann við umskurði drengja. FÍ er sammála því að ónauðsynlegar aðgerðir eigi ekki að framkvæma á börnum enda um óafturkræft inngríp í líf barns sem hefur ekki haft neitt um ákvörðunina að segja. FÍ telur að börn eigi alltaf að hafa tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun þegar þau hafa aldur og þroska til þegar um svo alvarlegt inngríp á líkama þeirra er að ræða. Því beri að taka réttindi barns fram yfir skoðanir fullorðinna, sama hvort þær eru af trúarlegum, menningarlegum eða öðrum ástæðum. Vísun við til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna máli okkar til rökstuðnings, sér í lagi greinar 3, 12. og 24.

Teljum við að lagaákvæðið eigi að eiga við um börn og fullorðna óháð kyni og leggjum til að orðalagið verði eftirfarandi:

Hver sem með líkamsárás veldur tjóni á líkama eða heilsu barns eða ~~kennu~~ fullorðins með því að fjarlægja kynfæri að hluta eða öllu leyti skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Félagssráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að fylgja þessari umsögn eftir á fundi allsherjar- og menntamálanefndar.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Félagssráðgjafafélags Íslands
María Rúnarsdóttir, formaður.
Hafdís G. Gísladóttir, félagssráðgjafi.